

1. Almennt:

Veiðifélag Landmannaafreittar (kt. 630580-0999), Götu, 851 Hellu, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna 50 kg hámarkslífmassa af urriða til klak- og seiðaeldis þann 8. maí 2019.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennsli í túnslæk og þaðan í Steinslæk. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Eldisker eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennsli. Stærð rista á kerum ræðst af stærð fishs í eldi á hverjum tíma.

Matvælastofnun staðfestir að öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi hafi verið móttækin og þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 30. mars til 30. apríl 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmetan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Veiðifélags Landmannaafreittar. Rekstrarleyfið heimilur hámarkslífmassa 50 kg til klak- og seiðaeldis á urriða að Götu á Hellu.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Matvælastofnun afhendir samhliða rekstrarleyfinu starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 21. maí 2037.

Selfossi, 21. maí 2021